



Landsvirkjun

LV-2020-010

Peistareykir, Krafla og Bjarnarflag

Afköst borhola og efnainnihald vatns og
gufu í borholum og vinnslurás árið 2019.

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2020-010

Dags: 24. febrúar 2020

Fjöldi síðna: 72

Upplag: 5

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag. Afköst borhola og efnainnihald vatns og gufu í borholum og vinnslurás árið 2019.

Höfundar/fyrirtæki: Trausti Hauksson

Verkefnisstjóri: Steinn Ágúst Steinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Kemía, samningur 2396

Útdráttur: Skýrslan fjallar um árlegt eftirlit með borholum og vinnslurás orkuveranna á Þeistareykjum, við Kröflu og í Bjarnarflagi. Mæliniðurstöður eru birtar fyrir allar borholur sem voru blásandi þegar sýnin voru tekin. Fjallað er um breytingar á afköstum borhola og á styrk efna í borholuvatni og gufu á milli ára. Mat er lagt á útfellingahættu í gufuveitu og niðurdælingarholum. Birtar eru mælingar á efnastyrk frárennslisvatns og útblástursgass frá stöðvunum.

Lykilorð: Þeistareykir, Krafla og Bjarnarflag 2019. Efnasamsetning strauma í vinnslurás. Afköst borhola. Efnainnihald vatns og gufu. Efnasamsetning og flæði frárennslis og útblástursgass.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Peistareykir, Krafla og Bjarnarflag

Afköst borhola og efnainnihald vatns og
gufu í borholum og vinnslurás árið 2019.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
2	ÞEISTAREYKIR	7
2.1	AFKASTAMÆLINGAR	8
2.1.1	<i>Afköst borhola</i>	8
2.2	EFNAMÆLINGAR	12
2.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	12
2.2.2	<i>Vinnslurás</i>	23
2.2.3	<i>Frárennsli</i>	26
3	KRAFLA	29
3.1	AFKASTAMÆLINGAR	31
3.1.1	<i>Afköst borhola</i>	31
3.2	EFNAMÆLINGAR	38
3.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	38
3.2.2	<i>Vinnslurás</i>	46
3.2.3	<i>Frárennsli</i>	50
4	BJARNARFLAG	53
4.1	AFKASTAMÆLINGAR	54
4.1.1	<i>Afköst borhola</i>	54
4.2	EFNAMÆLINGAR	57
4.2.1	<i>Vatn og gufa úr borholum</i>	57
4.2.2	<i>Vinnslurás</i>	62
4.2.3	<i>Frárennsli</i>	62
5	NIÐURSTÖÐUR	65
5.1	ÞEISTAREYKIR	65
5.2	KRAFLA	66
5.3	BJARNARFLAG	67
6	HEIMILDASKRÁ	68
VIÐAUKI 1	Meðhöndlun sýna og efnagreiningaaðferðir	69

TÖFLUSKRÁ

		bls
Tafla 1	Þeistareykjastöð, afköst tengdra borhola sumarið 2019.	8
Tafla 2	Þeistareykjastöð, borholur. Styrkur aðalefna í vatni og gufu árið 2019	13
Tafla 3	Þeistareykjastöð, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2019.....	14
Tafla 4	Þeistareykjastöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2019.....	14
Tafla 5	Þeistareykjastöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2019	15
Tafla 6	Kísilstyrkur og mettunarhlutfall kísils í borholuvatni.	15
Tafla 7	Þeistareykjastöð, efnagreining gufu, sýnataka 2019-07-18	24
Tafla 8	Þeistareykjastöð, efnagreining gass, sýnataka 2019-07-19.....	24
Tafla 9	Efnasamsetning vatns í Þeistareykjastöð 2019	27
Tafla 10	Þeistareykjastöð. Hitaveituhola ÞR-14.	27
Tafla 11	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Þeistareykjastöð 2019	28
Tafla 12	Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.....	28
Tafla 13	Kröflustöð, afköst tengdra borhola sumarið 2019	32
Tafla 14	Kröflustöð. Styrkur efna í vatni og gufu borhola árið 2019	39
Tafla 15	Styrkur þungmálma í borholusýnum í Kröflu 2019.....	40
Tafla 16	Kröflustöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2019.	40
Tafla 17	Kröflustöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2019.	41
Tafla 18	Kröflustöð, efnagreining gufu inn í stöð, sýnataka 2019-05-27	47
Tafla 19	Kröflustöð, efnagreining gass, sýnataka 2019-05-27	47
Tafla 20	Kröflustöð. Kælivatnssýni árið 2019.	48
Tafla 21	Kröflustöð. Frárennslissýni árið 2019.....	51
Tafla 22	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Kröflustöð 2019.	51
Tafla 23	Bjarnarflag. Afköst borhola 2019.	54
Tafla 24	Bjarnarflag, borholur. Gas í gufu 2019.....	57
Tafla 25	Bjarnarflag, borholur . Berghiti 2019.	57
Tafla 26	Bjarnarflag. Styrkur efna í vatni og gufu úr borholum árið 2019.....	58
Tafla 27	Bjarnarflag, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2019.....	58
Tafla 28	Bjarnarflag. Frárennslissýni 2019.....	63
Tafla 29	Næringarefni og þungmálmur í vatni frá Bjarnarflagi 2019.....	63

MYNDASKRÁ

		bls
Mynd 1	Þeistareykjastöð. Gufuborholur 2019 (Orkustofnun-borholuskrá).	7
Mynd 2	Þeistareykir. Gufurennslí úr holum á A-teigi.....	9
Mynd 3	Þeistareykir. Vatnsrennslí úr borholum á A-teigi.	9
Mynd 4	Þeistareykir. Gufurennslí úr holum á B og C-teigi	10
Mynd 5	Þeistareykir. Vatnsrennslí úr holum á B og C-teigi.	10
Mynd 6	Þeistareykir. Samtals gufurennslí úr blásandi holum	11
Mynd 7	Þeistareykir. Samtals vatnsrennslí úr blásandi holum	11
Mynd 8	Borholur á A-teigi. CO ₂ í gufu á móti tíma.	16
Mynd 9	Borholur á A-teigi. H ₂ S í gufu á móti tíma.....	16
Mynd 10	Borholur á A-teigi. SiO ₂ í vatni á móti tíma.	17
Mynd 11	Borholur á A-teigi. Al í vatni á móti tíma.....	17
Mynd 12	Borholur á A-teigi. Cl í vatni á móti tíma.....	18
Mynd 13	Borholur á A-teigi. SO ₄ í vatni á móti tíma.	18
Mynd 14	Borholur á B og C-teigi. CO ₂ í gufu á móti tíma.	19

Mynd 15	Borholur á B og C-teigi. H ₂ S í gufu á móti tíma.	19
Mynd 16	Borholur á B og C-teigi. SiO ₂ í vatni á móti tíma.....	20
Mynd 17	Borholur á B og C-teigi. Al í vatni á móti tíma.	20
Mynd 18	Borholur á B og C-teigi. Cl í vatni á móti tíma.	21
Mynd 19	Borholur á B og C-teigi. SO ₄ í vatni á móti tíma.....	21
Mynd 20	CO ₂ í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.....	22
Mynd 21	H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.....	22
Mynd 22	Þeistareykjastöð, flæði í júlí 2019.....	23
Mynd 23	Meðburður (Na) í gufu inná vélar.....	25
Mynd 24	Rafleiðni í vatni í kæliturnum.	25
Mynd 25	Tengdar borholur í Kröflu árið 2019 (Orkustofnun-borholuskrá).	30
Mynd 26	Leirbotnar, gufurennslí úr grunnum holum.	33
Mynd 27	Leirbotnar, vatnsrennslí úr grunnum holum.	33
Mynd 28	Suðurhlíðar, gufurennslí úr holum.....	34
Mynd 29	Suðurhlíðar, vatnsrennslí úr holum.....	34
Mynd 30	Hvíthólaklif, gufurennslí úr holu KJ-21.....	35
Mynd 31	Hvíthólaklif, vatnsrennslí úr holu KJ-21.	35
Mynd 32	Vesturhlíðar, gufurennslí úr holum.....	36
Mynd 33	Vesturhlíðar, vatnsrennslí úr holum.....	36
Mynd 34	Samtals gufurennslí úr blásandi borholum í Kröflu.....	37
Mynd 35	Samtals vatnsrennslí úr blásandi borholum í Kröflu.....	37
Mynd 36	Leirbotnar, grunnar holur, SiO ₂ í vatni á móti tíma.....	42
Mynd 37	Suðurhlíðar, CO ₂ í gufu á móti tíma.	42
Mynd 38	Suðurhlíðar, SO ₄ í vatni á móti tíma.....	43
Mynd 39	Vesturhlíðar Kröflu, CO ₂ í gufu á móti tíma.....	43
Mynd 40	Vesturhlíðar Kröflu, H ₂ S í gufu á móti tíma.....	44
Mynd 41	Vesturhlíðar Kröflu, SO ₄ í vatni á móti tíma.....	44
Mynd 42	CO ₂ í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.....	45
Mynd 43	H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.	45
Mynd 44	Flæðirit fyrir Kröflustöð í maí 2019.	46
Mynd 45	Kröflustöð. Gas í HP-gufu árið 2019.....	49
Mynd 46	Kröflustöð. Sýrustig kælivatns árið 2019.	49
Mynd 47	Kröflustöð. Kísilmettun í niðurdælingarvatni.....	52
Mynd 48	Tengdar holur í Bjarnarflagi 2019 (Orkustofnun-borholuskrá).	53
Mynd 49	Bjarnarflag, gufurennslí úr holum.....	55
Mynd 50	Bjarnarflag, vatnsrennslí úr holum.	55
Mynd 51	Samtals gufurennslí úr blásandi borholum í Barnarflagi.	56
Mynd 51	Samtals vatnsrennslí úr blásandi borholum í Barnarflagi.....	56
Mynd 53	Bjarnarflag, vermi á móti tíma.....	59
Mynd 54	Bjarnarflag, CO ₂ í gufu á móti tíma.....	59
Mynd 55	Bjarnarflag, H ₂ S í gufu á móti tíma.	60
Mynd 56	Bjarnarflag, Cl í vatni á móti tíma.	60
Mynd 57	CO ₂ í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.....	61
Mynd 58	H ₂ S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.	61
Mynd 49	Bjarnarflagsstöð, flæði í júlí 2019.	62
Mynd 51	Kísilmettun jarðbaðsvatni.	64

1 INNGANGUR

Í maí og júlí 2019 voru tekin vatns- og gufusýni úr samtals 11 gufuholum á Þeistareykjum, 15 holum í Kröflu og 2 holum í Bjarnarflagi til árlegs eftirlits. Að auki voru tekin sýni úr vinnslurásum Þeistareykjastöðvar, Kröflustöðvar og Bjarnarflagsstöðvar þ.e. af gufu inn á vélar, gasútblæstri, kælivatni og einnig úr skiljuvatni, frárennsli og niðurrennsliavatni. Í Bjarnarflagi voru tekin sýni úr Bjarnarflagslóni og skiljuvatni sem fer í Jarðböðin. Borholurnar voru afkastamældar samhliða sýnatöku með þynningaraðferð og mælingu á þrýstifalli yfir blendu.

Trausti Hauksson hjá Kemíu sá um sýnatökur og efnagreiningar á staðnum. Jakob Stefánsson og Ágúst Hermannsson, starfsmenn Landsvirkjunar og sumarstarfsmenn, þeir Hjalti Ágúst Steinsson og Kim Linnerud, aðstoðuðu við sýnatökur. Helgi A. Alfreðsson og Júlía Björke hjá Geochemý sá um afkastamælingar borhola og efnagreiningar á anjónum og katjónum með jónaskilju og á kísli með litrófmæli á rannsóknastofu Kröflustöðvar. Þungmálmar vor greindir hjá ALS Global í Svíþjóð. Lýsing á meðhöfnun sýna og efnagreiningaaðferðum er birt í viðauka 1.

Afköstin voru ákvörðuð með mælingu á mismunaprýstingi yfir tvífasa blendu, samhliða vatnsákvörðun með þynningaraðferð. Vatnsákvörðun með þynningaraðferð byggist á því að litarefni er dælt inn í rennslispípuna með jöfnu rennsli og styrkur þess í sýni af vatninu ákvarðaður. Vermir og rennsli er síðan reiknað út frá þessum tveimur mælingum. Aðferðinni er lýst í skýrslu um innleiðingu hennar (Trausti Hauksson 2011). Þar sem ekki var blenda í lögninni var eingöngu vatnsrennsli mælt með þynningaraðferð og vermið reiknað út frá kísilhita.

Niðurstöður mælinga voru skráðar á tölvutækt form, og var forritið ViewData (útgáfa V1.65) notuð til úrvinnslu gagna við gerð skýrslunnar (Kemía 2010). Allar mæliniðurstöður eru aðgengilegar í ViewData.

Verkið var unnið samkvæmt samningi 2396 um ráðgjafarþjónustu. Verkefnisstjóri var Steinn Ágúst Steinsson.

2 ÞEISTAREYKIR

Boraðar hafa verið 17 gufuborholur á þeistareykjum og hafa prófanir á þeim staðið yfir síðan 2002. 12 holur eru nú tengdar Þeistareykjastöð. Orkuframleiðslan hófst með ræsingu vélarsamstæðu eitt í október 2017 og vélarsamstæðu tvö í mars 2018.

11 tengdar holur voru blásandi þegar holurnar voru aflmældar og sýni tekin til árlegs eftirlits í júlí 2019. Staðsetning borholanna er sýnd á eftirfarandi loftmynd. Tvær safnæðar liggja að skiljustöðinni. Önnur frá A-teigi þar sem holur ÞG-01, ÞG-04, ÞG-05, ÞG-13 og ÞG-17 voru tengdar og blásandi. Hin frá C-teigi þar sem holur ÞG-03, ÞG-06, ÞG-07, ÞG-12 og ÞG-16 voru tengdar og blásandi og B-teigi þar sem hola ÞG-09 var tengd og blásandi.



Mynd 1 Þeistareykjastöð. Gufuborholur 2019 (Orkustofnun-borholuskrá).

2.1 AFKASTAMÆLINGAR

2.1.1 Afköst borhola

Afkastamælingarnar voru skráðar í gagnagrunn ViewData sem reiknar vermi og heildarrennsli sem og háþrýstigufu og skiljuvatn við veituprýsting 8,5 barg. Forritið reiknar einnig rafafli, sem framleiða má úr gufunni, miðað við uppgefna nýtni hverflanna í Þeistareykjastöð (81 %). Í töflu 1 eru birtar reiknaðar stærðir fyrir mælingar úr hverri holu.

Í júlí árið 2019 voru 11 holur tengdar Þeistareykjastöð og framleiddu þær 153,2 kg/s af háþrýstigufu þegar þær voru mældar. Reikningslega dugar gufan til framleiðslu á 88 MW af rafmagni sem er sama og vélarnar framleiddu þann 19. júlí.


Tafla 1 Þeistareykjastöð, afköst tengdra borhola sumarið 2019.

			Heildar			HP-Skilja	Frárennsli	Hverfill
Nafn		Tími	Vermi	Rennsli	Varmaafli	Gufa	Vatn	Rafafli
			kJ/kg	kg/s	MW	kg/s	kg/s	MW
ÞG-01	A	2019-07-19	1753	20,5	32,4	10,1	10,3	5,8
ÞG-03	C	2019-07-17	2511	11,7	27,3	10,2	1,5	5,8
ÞG-04	A	2019-07-19	2708	37,5	95,1	36,3	1,2	20,9
ÞG-05B	A	2019-07-19	1216	68,9	71,8	15,8	53,1	9,1
ÞG-06	C	2019-07-17	2643	15,3	37,9	14,3	1,0	8,2
ÞG-07	C	2019-07-17	2582	8,7	21,0	7,9	0,8	4,5
ÞG-09	B	2019-07-18	2657	5,6	13,9	5,3	0,3	3,0
ÞG-12	C	2019-07-18	2739	9,2	23,7	9,1	0,2	5,2
ÞG-13	A	2019-07-18	1949	20,0	35,5	11,8	8,2	6,8
ÞG-16	C	2019-07-18	1971	8,2	14,7	4,9	3,3	2,8
ÞG-17	A	2019-07-19	2235	37,4	77,1	27,4	10,0	15,8
Allar			2026	243,0	450,4	153,2	89,9	88,1
A-teigur			1866	184,3	311,9	101,4	82,8	58,4
B-teigur			2656	5,6	13,9	5,3	0,3	3,0
C-teigur			2520	53,1	124,6	46,4	6,8	26,5


¹⁾Við skiljuþrýsting 8,5 barg.

Holurnar eru á borteigum A, B og C. Holurnar á A-teigi eru afkastamestar og framleiddu 101,4 kg/s af gufu á meðan holurnar á C-teigi framleiddu 46,4 kg/s. Vatnsrennsli frá A-teigi er einnig meira eða 82,8 kg/s á móti 6,8 kg/s frá C-teigi. Hóla ÞG-9 á B teigi er hávermihóla með litlu vatnsrennsli. Þróun afkasta borhola á A-teigi er sýnd á myndum 2 og 3. Hóla ÞG-04 er afkastamest og bætti við sig frá upphleypingu en hefur aðeins gefið eftir síðan virkjunin var gangsett haustið 2017 en breyttist nú lítið milli ára. Hóla ÞG-5B hefur einnig gefið nokkuð eftir síðan 2016 en þá var hún tengd og notuð til útskolunar gufuveitunnar, en hún var nú óbreytt milli ára. Hóla ÞG-17 bætti lítillga við sig milli ára. Holur ÞG-03 og ÞG-06 eru afkastamestar á C-teigi en nýju holurnar ÞG-12 og ÞG-16 eru afkastaminni. Afköstin eru nokkuð sveiflukennd milli ára (Myndir 4 og 5).


Myndir 6 og 7 sýna rennsli gufu og vatns samtals úr blásandi holum á Þeistareykjum.




Mynd 2 Þeistareykir. Gufurennslí úr holum á A-teigi




Mynd 3 Þeistareykir. Vatnsrennslí úr borholum á A-teigi.




Mynd 4 Þeistareykir. Gufurennslí úr holum á B og C-teigi



Mynd 5 Þeistareykir. Vatnsrennslí úr holum á B og C-teigi.



Mynd 6 Þeistareykir. Samtals gufurennslí úr blásandi holum .



Mynd 7 Þeistareykir. Samtals vatnsrennsli úr blásandi holum .

2.2 EFNAMÆLINGAR

2.2.1 Vatn og gufa úr borholum

Niðurstöður efnagreininga á vatni og gufu úr borholum á Þeistareykjum, sem safnað var í eftirliti 2019, eru varðveittar í gagnagrunni ViewData.

Reiknaður efnastyrkur í gufu og vatni við skiljuþrýsting 8,5 barg er sýndur í töflu 2. Í töflunni kemur fram styrkur allra helstu efna sem og rennsli gufu og vatns í hverri holu. Styrkur þungmálma í skiljuvatni frá holunum er sýndur í töflu 3.

Í töflu 4 er tekið saman yfirlit um gasstyrk í gufu úr holunum ásamt gassamsetningu og hversu mikið gas streymir úr hverri holu. Meðaltal gass í gufu inn á hverfil reiknast um 0,21 % sem er lítilsháttar minnkun en gashlutfallið var 0,23 % árið 2018. Gasstreymi inn í stöðina reiknast 0,34 kg/s samanborið við 0,35 kg/s árið 2018.

Í töflu 5 er sýndur reiknaður hiti í holunum miðað við efnajafnvægi í berginu. Hæstur kísilhitur reiknast í holu ÞG-16 en í öðrum hávermisholum á C-teigi er ekki hægt að reikna hitann því kísilstyrkurinn er meiri en svo að hann geti verið efnajafnvægi við kvars. Möguleg skýring er að jarðhitavatn sjóði á leiðinni upp holuna vegna t.d. innstreymis yfirhitaðrar gufu eða upphitunar í æðum á leið að holunni.

Á myndum 8 til 19 eru dregnir upp ferlar fyrir gas í gufu og styrk uppleystra efna í skiljuvatni fyrir holur á A-teigi annars vegar og C-teigi hins vegar.

Vegið meðaltal CO₂ og H₂S styrks í gufu úr blásandi holum er sýnt á myndum 20 og 21. Styrkurinn hefur verið nokkuð stöðugur frá því virkjunin var gangsett eða um 1400 - 1500 mg/kg CO₂ og 600 - 650 mg/kg H₂S.

Kísilútfellingar safnast fyrir í lögnum á C-teigi og náðu þær inn í stofn. Útfellingarnar voru fjarlægðar síðasta haust með háþrýstipvotti sem gekk vel. Kísilstyrkur í borholuvatninu við söfnunarþrýsting og skiljuþrýsting er sýndur í töflu 6 fyrir allar holurnar. Mjög hár styrkur mælist í vatni úr holum á C-teigi og en minni í vatni úr holum á A-teigi. Mestur er styrkur kísils í vatni úr holum ÞG-06, ÞG-12 og ÞG-16. Styrkurinn eykst verulega þegar uppsuða er reiknuð frá holutoppsþrýstingi niður í þrýsting í gufuveitu. Mettunarhlutfall kísils í skiljuvatni frá holunum er sýnt í töflunni (SSI „Silica Saturation Index“) og reiknast skiljuvatn frá öllum holum á C-teigi vera yfirmettað. Styrkurinn reiknast meiri en 1500 mg/kg í skiljuvatni frá ÞG-06 og ÞG-12 og mettunarhlutfall kísils (SSI) fer upp í 2. Þessi gildi eru hærri en mældist í holunum áður en virkjunin var gangsett sem bendir til þess að uppsuðan sé að aukast vegna vinnslunnar t.d. vegna suðu út í berg (sjá mynd 15). Það má því áfram búast við útfellingum kísils í stofni frá C-teigi og jafnvel auknum. Það er áréttað að mjög mikilvægt er að reka holurnar á C-teigi á sem hæstum þrýstingi þannig að kísilútfellingar myndist síður í holunum eða í æðum þeirra.

Ýmsir möguleikar eru að bæta úr þessu. Samkvæmt tilraunum á C-teigi má þrýstingurinn ekki fara niður fyrir 16 barg til þess að ekki myndist álrikar kísilútfellingar. Stofninn þolir þó ekki meira en 13 barg þrýsting. Þrýstihækkun í 13 barg mun þó slá verulega á útfellinguna. Einnig mætti skoða hvort ekki sé mögulegt að skilja vatnið frá gufunni á C-teigi við háan þrýsting og leggja háþrýsta skiljuvatnslögn að skiljustöð og blanda vatninu beint í þéttivatn til niðurdælingar. Skiljuvatnið er aðeins nokkrir sekúndulítrar og því þarf ekki stóra lögn. Til greina kemur að dæla skiljuvatni eða þéttivatni inn í lögnina við holutoppinn og þynna skiljuvatnið. Ídæling sýru getur einnig dugað en erfitt getur reynst að blanda sýrunni við vatnsfasann í tvífasa flæði. Lagt er til að allir þessir valkostir og e.t.v. fleiri verði skoðaðir á skipulegan hátt skipulegan hátt fyrst fræðilega og síðan með prófun á álitlegasta kostinum.

Tafla 2 Þeistareykjastöð, borholur. Styrkur aðalefna í vatni og gufu árið 2019

Staður	Tími	Skilja	Gufa							Vatn															
			Vermi	Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B
			kJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
ÞG-01	A	2019-07-15	1753	10,1	963	311	12,4	16,6	0,16		10,4	9,21	17,2	22,6	747	107,6	21,9	0,23		0,003	1,79	1,02	96,7	12,2	1,15
ÞG-03	C	2019-07-16	2511	10,2	1090	550	26,2	15,6	0,11		1,5	9,14	18,5	37,9	1054	130,8	29,0	0,32		0,004	2,98	2,05	74,4	12,3	3,51
ÞG-04	A	2019-07-15	2708	36,3	706 *)	874	51,8	16,1	0,13	0,42	1,2	8,73	0,3	27,1	677	54,6	12,0	0,26	0,006	0,021	2,39	2,34	44,6	1,9	9,46
ÞG-05	A	2019-07-16	1216	15,8	1412	273	1,4	29,3	0,45	0,23	53,1	9,28	28,9	22,7	628	129,3	23,2	0,43	0,002	0,006	1,94	1,68	61,2	32,4	0,73
ÞG-06	C	2019-07-17	2643	14,3	1149	826	32,6	16,7	0,27		1,0	8,63	7,6	21,8	1551	153,8	38,3	0,39		0,003	1,69	2,31	222,4	4,3	5,38
ÞG-07	C	2019-07-17	2582	7,9	5347	1146	29,0	42,7	2,72	0,70	0,8	8,99	74,3	64,5	951	107,0	23,2	0,38		0,006	1,54	1,40	20,5	14,5	4,22
ÞG-09	B	2019-07-18	2657	5,3	1356	698	28,6	11,7	0,19		0,3	9,07	21,5	44,8	943	161,6	35,4	0,57		0,009	1,84	1,30	168,8	2,7	9,07
ÞG-12	C	2019-07-17	2739	9,0	229	287	28,3	10,2	0,12		0,2	9,48	8,7	44,6	1587	253,5	37,0	0,24		0,017	1,53	3,54	143,9	6,7	17,32
ÞG-13	A	2019-07-16	1949	11,8	3119	683	26,9	32,4	0,88	0,09	8,2	9,03	42,7	37,8	840	119,2	25,2	0,36		0,003	1,93	1,25	78,0	4,5	1,66
ÞG-16	C	2019-07-17	1971	4,9	1999	653	18,1	61,2	1,43	1,40	3,3	8,87	20,0	26,2	1074	81,7	21,6	0,34	0,001	0,002	3,02	2,78	55,3	44,6	0,40
ÞG-17	A	2019-07-16	2235	27,4	2000	622	15,5	16,8	0,51	0,13	10,0	8,85	19,0	23,8	924	91,0	21,8	0,21		0,003	2,22	1,11	83,0	2,5	1,96
		Samtals	2026	153,1	1556	655	27,6	21,2	0,48	0,23	89,9	9,03	26,9	25,1	734	119,3	23,2	0,37	0,001	0,005	2,01	1,56	70,9	23,3	1,30
		A-teigur	1866	101,5	1473	634	27,3	20,3	0,37	0,23	82,9	9,02	27,2	24,4	700	119,9	22,9	0,37	0,001	0,005	1,96	1,50	69,7	23,1	1,15
		B-teigur	2657	5,3	1356	698	28,6	11,7	0,19	0,00	0,3	9,07	21,5	44,8	943	161,6	35,4	0,57	0,000	0,009	1,84	1,30	168,8	2,7	9,07
		C-teigur	2517	46,3	1761	696	28,2	24,3	0,74	0,97	6,8	9,02	24,2	33,3	1137	110,5	26,3	0,34	0,001	0,004	2,60	2,40	82,0	26,8	2,70

Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg +) Sýnið sýndi 40 mg/kg en endurtekið sýni 706 mg/kg.

Tafla 3 Þeistareykjastöð, borholur. Þungmálmur í skiljuvatni árið 2019

Staður	Teigur	Tími	P	Ni	Cu	Zn	As	Cd	Hg	Pb
			mg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg
ÞG-01	A	2019-07-15	<0,001	0,169	<0,1	<0,2	2,65	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-03	C	2019-07-16	<0,001	0,145	<0,1	0,359	6,94	<0,002	<0,002	0,014
ÞG-04	A	2019-07-15	0,001	0,191	0,281	0,211	128	<0,002	<0,002	0,028
ÞG-05B	A	2019-07-16	<0,001	0,193	0,291	0,216	1,5	<0,002	<0,002	0,013
ÞG-06	C	2019-07-17	0,001	0,107	<0,1	0,69	2,68	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-07	C	2019-07-17	0,002	0,19	<0,1	3,93	11	<0,002	<0,002	0,016
ÞG-09	B	2019-07-18	<0,001	0,129	<0,1	0,985	3,75	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-12	C	2019-07-17	0,015	0,115	0,283	0,601	117	<0,002	<0,002	0,015
ÞG-13	A	2019-07-16	0,001	0,123	<0,1	0,291	1,17	<0,002	<0,002	<0,01
ÞG-16	C	2019-07-17	0,002	0,112	0,114	0,938	1,51	0,007	<0,002	<0,01
ÞG-17	A	2019-07-16	0,003	0,118	<0,1	<0,2	1,85	<0,002	<0,002	<0,01

Tafla 4 Þeistareykjastöð, borholur. Gas í gufu og gashlutföll árið 2019

Staður	Teigur	Tími	Gufa		Gas							
			Rennsli	í gufu	rennsli	hlutfall	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar
			kg/s	w%	kg/s	l/kg	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%
ÞG-01	A	2019-07-15	10,1	0,13	0,010	0,92	57,97	24,19	16,24	1,57	0,03	
ÞG-03	C	2019-07-16	10,2	0,17	0,020	1,33	45,47	29,62	23,87	1,02	0,01	
ÞG-04	A	2019-07-15	36,3	0,16	0,060	1,54	25,51	37,90	35,37	1,19	0,03	
ÞG-05B	A	2019-07-16	15,8	0,17	0,030	1,02	76,63	19,13	1,66	2,50	0,07	0,01
ÞG-06	C	2019-07-17	14,3	0,20	0,030	1,64	38,90	36,12	24,07	0,89	0,02	
ÞG-07	C	2019-07-17	7,9	0,66	0,050	4,19	70,95	19,64	8,40	0,89	0,10	0,01
ÞG-09	B	2019-07-18	5,3	0,21	0,010	1,61	46,72	31,07	21,55	0,64	0,02	
ÞG-12	C	2019-07-17	9,0	0,06	0,010	0,69	18,58	30,07	50,02	1,30	0,03	
ÞG-13	A	2019-07-16	11,8	0,39	0,050	2,58	67,20	19,00	12,65	1,10	0,05	0,00
ÞG-16	C	2019-07-17	4,9	0,27	0,010	1,86	59,86	25,25	11,85	2,88	0,12	0,05
ÞG-17	A	2019-07-16	27,4	0,27	0,070	1,76	63,11	25,35	10,65	0,83	0,04	0,00
		Samtölur	153,1	0,22	0,340	2,09	55,17	26,59	16,99	1,19	0,05	0,01

Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg


Tafla 5 Þeistareykjastöð, borholur. Reiknaður berghiti árið 2019

Staður	Teigur	Tími	Vermi	tSiO ₂ q	tNa/K	tCO ₂	tH ₂ /H ₂ S
			kJ/kg	°C	°C	°C	°C
ÞG-01	A	2019-07-15	1753	276	287	198	297
ÞG-03	C	2019-07-16	2511		296	215	298
ÞG-04	A	2019-07-15	2708	244	295		300
ÞG-05B	A	2019-07-16	1216	261	273	208	262
ÞG-06	C	2019-07-17	2643		304	219	297
ÞG-07	C	2019-07-17	2582		294	267	289
ÞG-09	B	2019-07-18	2657		295	227	298
ÞG-12	C	2019-07-17	2739		251	109	309
ÞG-13	A	2019-07-16	1949	288	291	250	297
ÞG-16	C	2019-07-17	1971	318	309	239	291
ÞG-17	A	2019-07-16	2235	302	300	240	289


Tafla 6 Kísilstyrkur og mettunarhlutfall kísils í borholuvatni.

Staður	Teigur	Tími	Vermi	Skiljuv.	Holut. ¹⁾	Stofn ²⁾		
			kJ/kg	Rennsli	SiO ₂	SiO ₂	Al	SSI
				kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	
ÞG-01	A	2019-07-15	1753	10,4	744	747	1,79	0,94
ÞG-04	A	2019-07-15	2708	1,2	663	677	2,39	0,85
ÞG-05B	A	2019-07-16	1216	53,1	617	628	1,94	0,79
ÞG-13	A	2019-07-16	1949	8,2	835	840	1,93	1,06
ÞG-17	A	2019-07-16	2235	10,0	925	924	2,22	1,16
ÞG-09	B	2019-07-18	2657	0,3	667	943	1,84	1,19
ÞG-03	C	2019-07-16	2511	1,5	941	1054	2,98	1,33
ÞG-06	C	2019-07-17	2643	1,0	1130	1551	1,69	1,95
ÞG-07	C	2019-07-17	2582	0,8	805	951	1,54	1,20
ÞG-12	C	2019-07-17	2739	0,2	1082	1587	1,53	2,00
ÞG-16	C	2019-07-17	1971	3,3	1055	1074	3,02	1,35


¹⁾ Mæling við holutopp. ²⁾ Reiknað við skiljuþrýsting 8,5 barg.




Mynd 8 Borholur á A-teigi. CO₂ í gufu á mótí tíma.




Mynd 9 Borholur á A-teigi. H₂S í gufu á mótí tíma.




Mynd 10 Borholur á A-teigi. SiO₂ í vatni á móti tíma.




Mynd 11 Borholur á A-teigi. Al í vatni á móti tíma.




Mynd 12 Borholur á A-teigi. Cl í vatni á móti tíma.




Mynd 13 Borholur á A-teigi. SO₄ í vatni á móti tíma.




Mynd 14 Borholur á B og C-teigi. CO₂ í gufu á móti tíma.




Mynd 15 Borholur á B og C-teigi. H₂S í gufu á móti tíma.




Mynd 16 Borholur á B og C-teigi. SiO₂ í vatni á móti tíma.




Mynd 17 Borholur á B og C-teigi. Al í vatni á móti tíma.




Mynd 18 Borholur á B og C-teigi. Cl í vatni á móti tíma.



Mynd 19 Borholur á B og C-teigi. SO₄ í vatni á móti tíma.




Mynd 20 CO₂ í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.



Mynd 21 H₂S í gufu. Vegið meðaltal gassýna úr blásandi borholum.

2.2.2 Vinnslurás

Eftirfarandi flæðirit fyrir Þeistareykjastöð sýnir stöðuna þegar sýnum var safnað til efnagreininga.



Mynd 22 Þeistareykjastöð, flæði í júlí 2019

Holur á C-teigi eru tengdar skilju 1 og holur á A-teigi eru tengdar skilju 2. Holurnar á A-teigi eru mun afkastameiri og streymir því skiljuvatn og gufa um jöfnunarlegg úr skilju 2 í skilju 1. Gufa úr skilju 1 er tengd inná vél 1 og úr skilju 2 inná vél 2. Skiljuvatn frá báðum skiljum er sameinað og blandast við þéttivatn frá stöðinni og rennur niður í holur á niðurrennsli svæði.

Gassamsetning gufu inn á vélar var efnagreind og er samsetning gassins sýnd í töflu 7. Samsetning útblásurgass er sýnd í töflu 8. Hlutfall súrefnis í útblásturgasinu er mælikvarði á loftleka í eimsvala en það mældist 0,12% í gasi frá vél 1 og 0,13% frá vél 2 sem er mun minna en árið 2018.

Reglulega er fylgst með styrk natríums í gufu sem streymir inná vélar. Sýnin eru tekin neðan úr gufustofni og ættu því að sýna hámarksstyrk steinefna í gufunni. Til þess að uppfylla kröfur vélarframleiðanda þarf styrkur kísils (SiO_2) að vera minni en 0,1 mg/kg. Styrkur kísils í vatninu er um sexfalt meiri en natríums og má natríumstyrkurinn því ekki mælast meiri en 0,02 mg/kg. Mælingar árið 2019 eru sýndar á mynd 23. Styrkur natríums fór alloft yfir mörkin bæði í gufu inná vél 1 og 2. Mikilvægt er að finna út hvað veldur þessu og gera nauðsynlegar endurbætur á skiljum og gufustofni. Hugsanleg skýring er ójöfn blöndun skiljuvatns frá A-teigi við gufu frá C-teigi, einnig að útskolun úr gufustofni frá skiljum að vélum sé ekki nægileg.

Sýni voru tekin af kælivatni bæði úr eimsvala og kæliturnum og eru niðurstöður sýndar í töflu 8. Ferskvatni er dælt á kæliturnana og hækkar styrkur steinefna í kælivatninu vegna uppgufunar. Leiðni ferskvatnsins mældist 105 $\mu\text{S}/\text{cm}$ en hún mældist 158 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í kæliturni 1 og 162 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í kæliturni 2. Miðað er við að leiðnin fari ekki yfir 348 $\mu\text{S}/\text{cm}$. Leiðnin er mæld reglulega af vaktmönnum og er mælingarnar sýndar á mynd 24 og var ávallt undir mörkum á árinu.


Tafla 7 Þeistareykjastöð, efnagreining gufu, sýnataka 2019-07-18

	Gufa							Gas
Staður	Rennsli ¹⁾	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	Ar	hlutfall
	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	w%
HP-gufa 1	72,1	1235	501	20,8	19	0,67	0,62	0,18
HP-gufa 2	75,1	1231	513	21,8	17,9	0,53	0,32	0,18
Samtölur	147,2	1233	507	21,3	18,4	0,6	0,47	0,18


¹⁾Mælt inná vélar

Tafla 8 Þeistareykjastöð, efnagreining gass, sýnataka 2019-07-19

	NCG	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂	N ₂	CH ₄	Ar
Staður	l/kg	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%	vol%
HP-gufa 1	1,32	52,16	27,33	19,14		1,26	0,08	0,03
HP-gufa 2	1,33	51,32	27,62	19,82		1,17	0,06	0,01
Gas 1		49,38	25,9	20,09	0,12	4,38	0,07	0,06
Gas 2		49,54	26,68	19,95	0,13	3,62	0,05	0,04



Mynd 23 Meðburður (Na) í gufu inná vélar



Mynd 24 Rafleiðni í vatni í kæliturnum.

2.2.3 Frárennsli

Stöðin framleiddi 88 MW þegar sýnin voru tekin. Gufustreymi inn á vélar var 153 kg/s og styrkur CO₂ 1556 mg/kg og H₂S 655 mg/kg. Losun CO₂ frá stöðinni reiknast 9,7 g/kWh og losun H₂S 4,1 g/kWh.

Frárennsli skiljuvatns í skiljustöðinni mældist um 90 kg/s í afkastamælingum borhola. Þéttivatni er blandað í skiljuvatnið og lækkar hitastigið við það úr 176 °C í 97 °C. Vatnið rennur síðan niður í niðurrennslisholur og mælist rennslið vera 204 l/s. Tekin voru efnasýni af skiljuvatni úr báðum skiljum og einnig úr blöndunni sem rennur í holur og eru niðurstöður sýndar í töflu 9. Styrkur kísils er rétt yfir mettunarmörkum í skiljuvatni úr skilju 1 en undir mörkum í skilju 2 og í niðurdælingarblöndunni.

Sýni voru tekin úr hitaveituholu, ÞR-14 og eru niðurstöður sýndar í töflu 10.

Þungmálmar voru greindir í kælivatns og frárenslissýnum og eru niðurstöður í töflu 11. Til samanburðar er birt tafla 12, sem notuð er til að flokka yfirborðsvatn m.t.t. mengandi efna. Þau gildi sem eru hærri en mörk fyrir fyrsta flokk eru feitiletruð og rauðlituð í töflunni. Styrkur arsens (As) í niðurrennsliðsvatninu fer yfir mörk. Styrkur fosfórs (P) í ferskvatni sem og í kælivatni mælist langt yfir mörkum og einnig mælist styrkur króms (Cr) og kopars (Cu) yfir mörkum í kælivatninu. Vatni frá kæliturnum er fargað í grunna borholu við stöðina og hefur því ekki áhrif á lífríki á yfirborði.

Tafla 9 Efnasamsetning vatns í Þeistareykjastöð 2019

Staður	Tími	Rennsli	Hitastig	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Al	Fe	F	Cl	SO ₄	B	Rafleiðni	SS
		kg/s	°C		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	µS/cm	mg/kg
Ferskvatn	2019-07-19		7,9	8,21	32,9	nd	24,8	9,9	1,042	7,358	3,63	0,004	0,001	0,111	4,79	9,24	<0,01	105,2	
Kæliturn 1	2019-07-19		21,2	8,27	51,8	nd	40,4	16,3	1,645	12,183	5,97	0,006	0,002	0,16	8,31	20,82	0,019	157,6	
Kæliturn 2	2019-07-19		21,4	8,19	49,4	nd	44,9	16,7	1,737	12,363	6,65	0,003	0	0,188	8,46	23,14	0,019	162,1	
Eimsvali 1	2019-07-19		33,7	5,86	3,1	0,66	<0,06	0,07	0,044	0,078	<0,09	nd	0,01	nd	nd	0,26	0,025	2,63	
Eimsvali 2	2019-07-19		34,3	5,71	1,6	0,92	<0,06	0,05	<0,4	<0,1	<0,09	nd	0,007	nd	nd	0,33	0,015	1,55	
Skiljustöð 1	2019-07-18	33,0	176,1	8,80	30,2	71,61	790	115,6	23,149	0,274	0,001	1,78	0,005	1,648	71,64	17,05	1,77	482	0,00
Skiljustöð 2	2019-07-18	61,0	176,1	8,95	29,0	72,65	709	119,5	22,588	0,336	0,001	1,9	0,006	1,432	68,82	23,78	1,16	509	0,00
Niðurrennsli	2019-07-18	204,0	97	8,59	38,1	39,30	300	49,5	9,364	0,166	0,001	0,79	0,004	0,632	26,9	8,43	0,563	247	0,06

Tafla 10 Þeistareykjastöð. Hitaveituhola PR-14.

Tími	Skilja	Gufa							Vatn															
	Vermi	Rennsli	CO ₂	H ₂ S	H ₂	N ₂	CH ₄	NH ₃	Rennsli	pH	CO ₂	H ₂ S	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	Fe	Al	F	Cl	SO ₄	B	
	kJ/kg	kg/s	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	kg/s		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg
2019-07-18	967		944	197	0,3	10,8	0,18	0,37		9,72	39,8	27,3	359	110	10,5	0,68	<0,0005	0,002	1,17	0,84	34,0	20	0,56	

Tafla 11 Næringarefni og þungmálmar í vatni frá Þeistareykjastöð 2019

Nafn	Tími	PO ₄	NH ₃	NO ₃	P	Cr	Ni	Cu	Zn	As	Cd	Hg	Pb
		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg
Ferskvatn *)	2019-07-19	0,18	0,006	nd	0,089	0,765	0,169	0,964	2,59	0,127	<0,002	<0,002	0,028
Kæliturn 1	2019-07-19	0,316	nd	0,081	0,14	1,2	0,211	<0,1	0,861	0,19	<0,002	<0,002	0,017
Kæliturn 2	2019-07-19	0,343	nd	nd	0,168	1,51	<0,05	<0,1	<0,2	0,235	0,008	<0,002	0,023
Eimsvali 1	2019-07-19	0,001	0,073	0,001	<0,001	<0,01	0,148	<0,1	0,74	<0,05	<0,002	<0,002	0,018
Eimsvali 2	2019-07-19	0,001	0,031	nd	<0,001	<0,01	0,119	<0,1	0,739	<0,05	<0,002	<0,002	0,016
Skiljustöð 1	2019-07-18	0,001	0,004	nd	0,001	0,03	0,141	<0,1	0,893	3,81	<0,002	<0,002	0,012
Skiljustöð 2	2019-07-18	0,001	0,007	nd	0,001	0,688	0,135	<0,1	0,682	1,95	<0,002	<0,002	<0,01
Niðurrennsli	2019-07-18	nd	0,026	nd	<0,001	0,018	0,126	<0,1	0,9	1,12	<0,002	<0,002	<0,01
Hitaveita ÞR-14	2019-07-18	0,001	0,011	nd	<0,001	0,012	0,122	<0,1	0,823	1,57	<0,002	<0,002	0,011

*) Sýnatökugrind 1.

Tafla 12 Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.

	Hg	Zn	Cu	Cr	Ni	Cd	Pb	As	P
	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	µg/kg	mg/kg
Flokkur I <		5	0,5	0,3	0,7	0,01	0,2	0,4	0,02
Flokkur II <		20	3	5	1,5	0,1	1	5	0,04
Flokkur III <		60	9	15	4,5	0,3	3	15	0,09
Flokkur IV <		300	45	75	22,5	1,5	15	75	0,15
Flokkur V >	1	300	45	75	22,5	1,5	15	75	0,15

Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin hættu á áhrifum.

Umhverfismörk II: Lítil hættu á áhrifum.

Umhverfismörk III: Áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki.

Umhverfismörk IV: Áhrifa að vænta.


Umhverfismörk V: Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/þynningarsvæði.

(Reglugerðir 796/1999 og 800/1999)

3 KRAFLA

Síðan virkjun Kröflu hófst árið 1974 hefur verið boruð 41 hola til gufuöflunar á svæðinu. Nú er 21 gufuborhola tengd Kröflustöð og tvær gufuborholur eru nýttar sem niðurdælingarholur. Orkuframleiðslan hófst með ræsingu vélarsamstæðu eitt árið 1977 og vélarsamstæðu tvö árið 1997. Þegar holurnar voru aflmældar og sýni tekin til árlegs eftirlits í maí 2019 voru 15 holur blásandi. Staðsetning borholanna er sýnd á eftirfarandi loftmynd. Fimm safnæðar liggja að skiljustöðinni. Lágprýstar holur, KG-05, KG-24 og KJ-06 í Leirbotnum er tengdar inná lágprýstiskiljur. Háprýstar holur í Leirbotnum, KJ-13 og, KJ-27 eru tengdar inná safnkistu fyrir háprýstiskiljur. Safnæð liggur frá Suðurhlíðum og tengir holur KJ-14, KJ-16, KJ-17, KJ-19, KJ-20, KJ-30, KJ-31 og KJ-37 við háprýstiskiljur. Frá Vesturhlíðum liggur önnur lögn sem tengir holur KJ-32, KJ-33, KJ-34, KJ-36, KJ-38, KT-40 og K-41. Fimmta lögnin liggur frá Hvíthólsvæðinu og tengir holu KJ-21 við háprýstiskiljur. Þegar sýnum var safnað úr holunum voru holur KG-05, KJ-13, KG-24, KJ-27, KJ-33 og KJ-37 lokaðar. Tvær holur voru notaðar til niðurdælingar, KG-26 og KJ-39.

Á mynd 25 eru einnig sýndir sýnatökustaðir fyrir frárennsli frá stöðinni. Þ.e. úr læk frá skiljustöð, úr læk frá kæliturnum og úr V-yfirfalli þar sem sameinað vatn frá svæðinu rennur niður Dallæk.



Mynd 25 Tengdar borholur í Kröflu árið 2019 (Orkustofnun-borholuskrá).

3.1 AFKASTAMÆLINGAR

3.1.1 Afköst borhola

Mælingarnar voru skráðar í gagnagrunn ViewData sem reiknar vermi og heildarrensli sem og háþrýsti- og lágþrýstigufu og frárennslisvatn og gufu úr holunum eftir aðskilnað vatns og gufu í skiljustöð við 7,0 barg og 1,2 barg. Forritið reiknar einnig rafafli, sem framleiða má úr gufunni, miðað við uppgefna nýtni hverflanna í Kröflu (62,5%). Í töflu 13 eru birtar reiknaðar stærðir fyrir valdar mælingar úr hverri holu.

Í maí árið 2019 voru 15 holur tengdar Kröflustöð og framleiddu þær 105,1 kg/s af háþrýstigufu og 19,8 kg/s lágþrýstigufu, sem reikningslega nægir til framleiðslu á 52 MW af rafmagni. Nokkrar holur voru lokaðar og gufuframleiðsla minni en árið 2018. Afl virkjunarinnar var nokkuð minna en afkastamælingar sýndu eða 49 MW sem skýrist af því að hluti gufunnar er notaður í gasþeysur.

Á myndum 26 til 33 eru sýndar breytingar sem orðið hafa á gufu og vatnsrennsli úr vinnsluholunum frá því að þær voru teknar í notkun. Rennslið er reiknað við 7 barg þrýsting fyrir hávermisholur og 1,2 barg þrýsting fyrir lágvermisholur.

Ein grunn lágvermishola var blásand, hola KJ-06. Holu KJ-06 var hleypt upp 2013 og gefur hún um 12 kg/s af lágþrýstigufu og hefur ekki breyst. Vatnsrennsli frá holunni var 25 kg/s.

Tvær holur sem vinna úr dýpri hluta Leirbotnasvæðisins, þ.e. holur KJ-13 og KJ-27 voru lokaðar.

Afköst KJ-14 í Suðurhlíðum breyttist lítið milli ára en lítilsháttar minnkun varð í vatnsrennsli. Hola KJ-30 minnkaði verulega í afli frá síðasta ári eins og undanfarin ár og hefur aflið minnkað um meira en helming frá því henni var hleypt upp. Stjórnblendan var minnkuð úr 120 mm í 105 mm í maí 2018 en stækkuð aftur síðasta haust. Þetta hefur ekki haft góð áhrif á afköstin. Vinnsluhluti holunnar er leiðaralaus og því mögulegt að hrun hafi orðið í holunni. Rétt er að lóða holuna til þess að kanna með fyrirstöður. Vatnsrennsli úr KJ-19 minnkaði og gufurensli jókst og er möguleg skýring að niðurdælingin var minnkuð í KJ-39.

Hola KJ-21 á Hvíthólasvæði var lokuð tímabundið í fyrra en mældist nú svipuð í afli og áður.


Sjö holur eru virkjaðar á Vesturhlíðasvæðinu, þ.e. KJ-32, KJ-33, KJ-34, KJ-36, KJ-38 og KT-40 og K-41. Hola KJ-33 var lokuð þegar sýni voru tekin. Hola KJ-38 hefur aukið við sig síðustu ár en aðrar holur breyttust lítið.

Myndir 34 og 35 sýna rennsli gufu og vatns samtals úr blásandi holum í Kröflu. Rennsli gufu tvöfaldaðist þegar stöðin var stækkuð árið 2000 úr 30 MW í 60MW. Síðan þá hefur rennslið rétt dugað fyrir fullum afköstum þrátt fyrir að 6 nýjar holur hafi bæst við. Rennsli vatns úr holunum hefur verið að aukast t.d. vegna niðurdælingar en var mun minna árið 2019 vegna lokunnar vatnsríkra borhola.


Tafla 13 Kröflustöð, afköst tengdra borhola sumarið 2019

Nafn	Tími	Heildar			HÞ-Skilja	LÞ-Skilja	Frárennsli ³⁾		Hverfill
		Vermi	Rennsli	Varmaafll	Gufa ¹⁾	Gufa ²⁾	Gufa	Vatn	Rafafll
		kJ/kg	kg/s	MW	kg/s	kg/s	kg/s	kg/s	MW
KJ-06	2019-05-22	1224	38,3	40,5		12,3	1,1	24,8	3,9
KJ-14	2019-05-28	2572	4,5	10,8	4,1	0,0	0,0	0,4	1,8
KJ-16	2019-05-02	2767	1,8	4,7	1,8	0,0	0,0	0,0	0,8
KJ-17	2019-05-02	1876	8,5	14,6	4,8	0,3	0,1	3,2	2,2
KJ-19	2019-05-28	2048	4,5	8,5	2,9	0,1	0,1	1,4	1,3
KJ-20	2019-05-28	2722	4,7	12,0	4,6	0,0	0,0	0,1	2,0
KJ-21	2019-05-22	1129	45,5	43,7	9,1	3,4	1,5	31,6	5,0
KJ-30	2019-05-28	2768	11,3	29,5	11,3	0,0	0,0	0,0	4,9
KJ-31	2019-05-28	2789	0,5	1,2	0,5	0,0	0,0	0,0	0,2
KJ-32	2019-05-23	1134	41,8	40,4	8,4	3,1	1,3	29,0	4,6
KJ-34	2019-05-31	2516	19,1	44,9	16,8	0,2	0,1	2,0	7,3
KJ-36	2019-05-31	2683	10,4	26,1	9,9	0,0	0,0	0,4	4,3
KJ-38	2019-05-31	1842	9,2	15,4	5,0	0,4	0,2	3,6	2,3
KT-40	2019-05-29	2755	19,2	49,6	19,1	0,0	0,0	0,1	8,3
K-41	2019-05-29	2773	6,8	17,7	6,8	0,0	0,0	0,0	2,9
	Samtölur	1758	226,1	359,6	105,1	19,8	4,4	96,6	51,8


¹⁾ Við Skiljubrýsting 7,0 barg, ²⁾ 1,2 barg, ³⁾ 0,0 barg




Mynd 26 Leirbotnar, gufurennslí úr grunnum holum.




Mynd 27 Leirbotnar, vatnsrennslí úr grunnum holum.




Mynd 28 Suðurhlíðar, gufurennslí úr holum




Mynd 29 Suðurhlíðar, vatnsrennslí úr holum.




Mynd 30 Hvíthólaklif, gufurennslí úr holu KJ-21.




Mynd 31 Hvíthólaklif, vatnsrennslí úr holu KJ-21.




Mynd 32 Vesturhlíðar, gufurennslí úr holum.



Mynd 33 Vesturhlíðar, vatnsrennslí úr holum.



Mynd 34 Samtals gufurennslí úr blásandi borholum í Kröflu.



Mynd 35 Samtals vatnsrennslí úr blásandi borholum í Kröflu.

3.2 EFNAMÆLINGAR

3.2.1 Vatn og gufa úr borholum

Niðurstöður efnagreininga á vatni og gufu úr borholum í Kröflu, sem safnað var í eftirliti 2019, eru varðveittar í gagnagrunni ViewData.

Reiknaður efnastyrkur í gufu og vatni við skiljuþrýsting er sýndur í töflu 14. Fyrir lágvermisholunarnar er miðað við 1,2 barg skiljuþrýsting og 7,0 barg þrýsting fyrir hávermisholu. Í töflunni kemur fram styrkur allra helstu efna sem og rennsli gufu og vatns í hverri holu. Styrkur þungmálma í skiljuvatni frá holunum er sýndur í töflu 15.

Í töflu 16 er tekið saman yfirlit um gasstyrk í gufu ásamt gassamsetningu og hversu mikið gas streymir úr hverri holu. Meðaltal gass í gufu inn á hverfil, þ.e. bæði háþrýsti og lágþrýstigufu, reiknast um 0,69%, sem er mun minna en árið 2018 en þá var styrkurinn 0,84%. Samanlagt gasstreymi inn í stöðina minnkaði og reiknast 0,87 kg/s samanborið við 1,22 kg/s í fyrra.

Reiknaður berghiti árið 2019 er sýndur í töflu 17.

Safnað var sýnum til efnagreininga úr einni grunnri holu í Leirbotnum þ.e. KJ-06. Styrkur kísils (SiO_2) hefur minnkað lítilsháttar sem bendir til kólnunar (sjá mynd 34).

Holu, KJ-13 og KJ-27, sem vinna úr dýpri hluta kerfisins í Leirbotnum, voru lokaðar. Holur KJ-11, KG-12 og KJ-29 voru einnig lokaðar og dælt var í holu KJ-26.

Sýnum var safnað úr samtals sjö holum í Suðurhlíðum Kröflu, KJ-14, KJ-16, KJ-17, KJ-19, KJ-20, KJ-30, KJ-31 en hola KJ-37 var lokað. Á mynd 35 er styrkur koldíoxíð (CO_2) í gufu reiknaður við skiljuþrýsting, sýndur á móti tíma fyrir holunarnar. Styrkurinn minnkar verulega í KJ-19 og KJ-30 en hann hafði aukist aðeins í holu KJ-19 á meðan dælt var í holu KJ-39. Styrkur súlfats (SO_4) er lítill í holunum en tók stökk í holu KJ-19 eftir að niðurdæling hófst í nálægri holu KJ-39 (sjá mynd 36). Hann hefur nokkuð gengið til baka í holunni á meðan hann eykst í öðrum holum.

